

Mál nr. 32/2019**M og****V v/ slysatryggingar ökumanns og eiganda bifreiðar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna kostnaðar vegna viðgerðar á tönnnum.****Gögn.**

Málskot, móttækið 24.1.2019, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 12.2.2019, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Samkvæmt tveimur tilkynningum M um umferðarslys, þar sem önnur mun vera dagsett 11. desember 2018, mun M, sem búsettur er í sveitarfélaginu A, hafa um kl. 10:30 hinn 24. nóvember 2018 verið að aka eftir Keflavíkurvegi á bifreið sinni, B, á leið á Keflavíkurflugvöll. Hafi hann ekið á eftir annarri bifreið og hálkublettir hafi verið á akbraut. Skyndilega hafi bifreiðin fyrir framan hann hemlað og hafi hann þá einnig hemlað en þá hafi hann lent á auðum bletti með þeim afleiðingum að B hafi snarstöðvast. Við það hafi hann skolið með andlitið á stýrið og tvær tennur í efri gómi brotnað. Hann hafi leitað læknishjálpar eftir slysið fljótlega eftir að hann kom til Spánar, líklega 27. nóvember, á nánar tilgrendri tannlæknastofu á Spáni.

Á tímabilinu 6. til 10. desember 2012 var M í tölvupóstsamskiptum við umboðsmann V í A í því skyni að athuga með að fá greiddan kostnað vegna tannviðgerðar hjá hinni spænsku tannlæknastofu. Af sama tilefni var umboðsmaðurinn í tölvupóstsamskiptum við V. Svo virðist sem í fyrstu hafi verið til skoðunar hvort kostnaðurinn fengist greiddur úr fjölskyldutryggingu M hjá V. Hinn 10. desember virðist það hafa verið upplýst að M kvaðst hafa orðið fyrir tannskaðanum við akstur á Keflavíkurveginum eins og að ofan greinir og í framhaldinu hafi tjónstilkynningarnar verið útbúar.

Í ódagsettu bréfi frá hinni spænsku tannlæknastofu kemur fram að M hafi leitað á stofuna 18. desember til að fá viðgerðar tvær tennur í efri gómi, nr. 22 og 23, og í neðri góm. Til að framkvæma viðgerðina hafi þurft að fjarlægja tanngervi og setja þau aftur í. Svo virðist sem í sama skjal hafi síðar verið bætt setningu þar sem segir að M hafi tjáð starfsmönnum tannlæknastofunnar að hann hafi orðið fyrir slysi í bifreið sinni og eftir að hafa helmað hafi hann rekist í stýrishjólið og tennurnar tvær brotnað illa.

V hefur hafnað bótaskyldu úr slysatryggingu ökumanns og eiganda B.

Álit.

Í fyrrgreindum tjónstilkynningum eða öðrum gögnum málsins er ekki með skýrum hætti gerð grein fyrir því hvernig það gat atvikast að M skall með andlitið á stýri B við það eitt að B snarstöðvaðist. Hvorki í fyrrnefndu bréfi spænsku tannlæknastofunnar né gögnum málsins er um það fjallað að áverkar á tönnunum hafi orðið með þeim hætti sem M hefur lýst. Samkvæmt þessu verður ekki talið að M hafi sýnt fram á samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum að hann hafi orðið fyrir tannáverkanum við akstur B. Af því leiðir að hann á ekki rétt á bótum úr slysatryggingunni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns og eiganda B.

Reykjavík, 12. mars 2019.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.